

Ad.

325. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemt-
anaskatt og þjóðleikhús.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Vegna hinna erfiðu kjara, sem leiklistin á við að búa í höfuðstað lands-
ins, var á Alþingi 1923 gerð ráðstöfun til þess að komið yrði npp þjóðleikhúsi,
sem teljast mætti sambóðið menningu vorri, og því lagðar til tekjurnar af skemt-
anaskatti í þeim kaптúnum, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri. Leiklist er tókuð
í öllum kaптúnum landsins, og mun hún auðvitað taka framförum, þegar til
er orðinn í landinu sá skóli í leikment, sem ætla má, að þjóðleikhúsið verði.
Því var eðlilegt, að kaupstaðirnir legðu fje til leikhússins, en hins vegar ekki rjett,
að skatturinn næði aðeins til þeirra stærstu, he'dur átti hann að koma niður á
öllum þorra bæjanna.

Frv. þetta fer fram á að draga úr þessu misrjetti, en þó þykir ekki taka
því að heimta skemt-anaskatt af kaптúnum, sem hafa innan við 500 íbúa.

Hin aðalbreypingin, sem í frv. felst, að dansleikar allir verði skattaðir, er
svo sjálfsgöð, að óþarft er að rökstyðja hana fremur en gert er í greinargerð frv.

Meiri hluti nefndarmanna leggur til, að frv. verði samþykkt með svofeldri

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:

a-liður 2. flokks 2. gr. laganna orðist svo:

a. Dansleikar allir, hvort sem einstök fjelög eða dansskólar stofna til
þeirra, eða þeir eru haldnir fyrir allan almenning, ennfremur dansæfingar, er
standa fram yfir kl. 11 að kvöldi. Haldi fjelag dansleik og sje aðganga ókeypis,
er lögreglustjóra heimilt að ákveða skattinn.

Alþingi, 13. apríl 1926.

Jón Kjartansson,
form.

Árni Jónsson,
fundaskr., frsm.

Jón Baldvinsson.
(með fyrirvara).